

Nd.

135. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 79. 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. des. 1975 og lög nr. 78 31. des. 1977, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Albert Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Einar Ágústsson, Gils Guðmundsson, Ingvar Gíslason,
Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Almenningsvagnar, sem sannanlega eru eingöngu notaðir á götum í þéttbýli, skulu undanþegnir gjaldi skv. þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Í þessu frv. er lagt til að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til einvörðungu eftir götum sem viðkomandi borgar- eða hæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði til þess að allir geti notfært sér hana. En reksturinn er dýr, enda eru strætisvagnar víða reknir með miklum halla.

Svo er t. d. um Strætisvagna Reykjavíkur, en áætlað er að S.V.R. greiði 25 millj. kr. á þessu ári í þungaskatt sem teljast má verulegur þaggi á fyrirtæki sem rekið er með stórfelldu tapi. Flm. telja að hér sé um að ræða óeðlilega kvöð á rekstrar- aðila strætisvagna og virðist sanngjarnt að vagnarnir séu undanþegnir þessum skatti.